

# Eftirlitsnefnd fasteignasala

*Til fasteigna- og skipasala  
Eingöngu sent með rafrænum hætti*

*Nr. 2/2018*

Reykjavík, 14. september 2018

Ágæti fasteignasali.<sup>1</sup>

## *1. Áskorun um skil á fjárvörsluyfirlýsingum og afrit af starfsábyrgðartryggingum.*

Sérhver fasteignasali skal fyrir hinn 15. október ár hvert vera búinn að skila til eftirlitsnefndarinnar yfirlýsingu um fjárvörslureikninga fyrir undangengið reikningsár ásamt afriti af gildandi starfsábyrgðartryggingum, sbr. 2. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 21. gr. fsl. Eyðublöð eru aðgengileg á heimasíðu eftirlitsnefndarinnar, [www.enf.is](http://www.enf.is).

Eftirlitsnefndin skorar á fasteignasala að skila framangreindum gögnum eigi síðar en 15. október nk. og tekur fram að umburðarbréf þetta er áminning til fasteignasala um skil á réttum tíma.

Hafi yfirlýsingum ekki verið skilað í réttu horfi hinn 1. nóvember n.k. er lögbundin afleiðing þess tímabundin svipting löggildingar fasteignasala ásamt sérstöku gjaldi sem viðkomandi fasteignasali þarf að greiða, að fjárhæð kr. 30.000 sem rennur í ríkissjóð, vegna kostnaðar eftirlitsnefndarinnar vegna þessa. Eftir atvikum er í framhaldinu óskað eftir því að þeir hinir sömu verði sviptir réttindum ótímabundið af hálfu ráðuneytisins, verði skilum ekki komið í rétt horf.

Einnig er vakin athygli á því að ef starfsábyrgðartrygging fasteignasala er ekki fyrir hendi fellur löggilding hans sjálfkrafa niður enda fullnægir fasteignasali ekki lengur lögmæltum skilyrðum til löggildingar. Í slíkum tilvikum er hlutaðeigandi fasteignasala óheimil frekari starfsemi og ber að skila til sýslumanns löggildingarskírteini sínu og er honum óheimilt að annast um þau störf sem í löggildingu felast, sbr. 24. gr. fsl.

## *2. Beiðni um innlögn löggildingar.*

Beiðni um innlögn löggildingar til þess að starfa sem fasteigna- og skipasali ber að skila til sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu. Rafrænt eintak af eyðublaði er að finna á heimasíðu embættisins, sbr. <https://www.syslumenn.is>.

---

<sup>1</sup> Umburðarbréfi þessu er beint bæði til fasteignasala og skipasala en til hagræðis er orðið fasteignasali notað.

## Eftirlitsnefnd fasteignasala

Eftirlitsnefndin minnir á að fasteignasali getur ekki lagt inn löggildingu sína til sýslumanns ef mál sem hann varðar er ólokið hjá eftirlitsnefndinni, sbr. 8. mgr. 5. gr. fsl. Ber fasteignasala við innlögn réttinda að afla staðfestingar frá eftirlitsnefndinni á því að ekki séu opin mál er hann varða til meðferðar hjá nefndinni.

Við innlögn starfsréttinda skal fasteignasali einnig skila til eftirlitsnefndarinnar fjárvörsluyfirlýsingu fyrir það tímabil sem liðið er frá síðustu skilum slíkra yfirlýsinga og að innlagnardegi, sbr. 1. mgr. 21. gr. fsl. Eyðublöð vegna þessara yfirlýsinga er að finna á heimasíðu eftirlitsnefndarinnar, [www.enf.is](http://www.enf.is).


Erindið er ekki afgreitt fyrr en öll viðeigandi gögn hafa verið afhent sýslumanni.

Fasteignasalar verða þannig sjálfir að ganga úr skugga um að öll fullnægjandi gögn séu til staðar þannig að afgreiðslu á innlögn verði lokið. Þannig eru fasteignasalar á lista sýslumanns þar til innlögn hefur verið samþykkt en það hefur áhrif m.a. á innheimtu eftirlitsgjalda, sbr. 19. gr. reglugerðar um eftirlitsnefnd fasteignasala, nr. 931/2016, sbr. og reglug. nr. 592/2017.

### *3. Álit eftirlitsnefndar vegna ársins 2017 birt á heimasíðu nefndarinnar*

Eftirlitsnefndin vekur athygli á því að álit eftirlitsnefndarinnar frá árinu 2017 hafa nú verið birt á heimasíðu nefndarinnar [www.enf.is](http://www.enf.is) undir yfirskriftinni birt efni.

## F. h. eftirlitsnefndar fasteignasala



Þórður Bogason form.



Kristín Ólafsdóttir hdl.